

“Kapplöpning till Nordpolen”
Om isländsk och nordisk säkerhetspolitik i förändring.
Haldið miðvikudaginn 29. ágúst 2007.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

Talað orð gildir

Góðir ráðstefnugestir,

Það var mér sönn ánægja að þiggja boð um að ávarpa opnun þessa málþings sem haldið er í tengslum við upphaf NATO- og friðarsamstarfsæfingarinnar (Partnerskab for Fred) Northern Challenge 2007.

Þjóðaröryggi og varnir Íslands standa nú á sögulegum tímamótum. Fram til þessa hefur Ísland verið meira og minna þiggjandi í varnarsamstarfi vestrænna ríkja. Bandaríska varnarliðið fór í áratugi með það hlutverk sem sjálfstæð og fullvalda ríki sinna að jafnaði sjálf. Í reynd töluðu Bandaríkjamenn fyrir Íslands hönd innan Atlantshafsbandalagsins um hernaðarleg málefni og komu á margan hátt fram sem forsjáraðili Íslands. Framlag Bandaríkjanna til varna landsins var sannarlega mikilvægt en um leið á vissan hátt einangrandi gagnvart nágrannaríkjum okkar.

Þessi tími er nú liðinn og hafið er nýtt tímasteið í öryggis- og varnarmálum Íslands.

Í framhaldi af undirritun samkomulags við Bandaríkin um brotthvarf herafla þeirra frá Íslandi var unnið að því undir forystu núverandi forsætisráðherra að styrkja, efla og auka samstarf við aðrar grannþjóðir á sviði öryggis- og varnarmála. Viðræður hafa átt sér stað við Noreg, Danmörku, Bretland, Kanada og Þýskaland, svo dæmi séu tekin, og þegar hafa verið undirritaðir rammasamningar við Noreg og Danmörku um samstarf á sviði varnarmála. Framundan er að útfæra þessa samninga og ég skynja ríkan áhuga granna okkar á því.

Ég hef nýtt tímann frá því að ný ríkisstjórn tók við til að undirbúa gerð vandaðs, faglegs ógnarmats fyrir Ísland. Slíkt mat hefur skort, það er löngu tímabært og allar áætlanir um viðbúnað eru að mínu mati ófullnægjandi án slíkrar undirstöðu.

Þá er og ljóst að í íslenskri stjórnskipun þarf að útfæra lýðræðislegri vinnubrögð en hingað til hafa tíðkast þegar kemur að þjóðaröryggi og skilgreina betur þau mörk sem alltaf hljóta að vera milli þess sem lýtur almennri upplýsingaskyldu og hins sem sérstakur trúnaður verður að ríkja um. Þá er mikilvægt að valdmörk og valdheimildir séu vel skilgreindar.

Almennt má segja að umræðuna þurfi að efla og skapa einingu og sátt um grundvallaratriði. Slík sátt er í meginatriðum fyrir hendi í nágrannaríkjum okkar og það er engin ástæða til þess fyrir Íslendinga að viðhalda átakahefð í eigin mati á vörnum og þjóðaröryggi: Varnir eru sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar, mikilvægt er að þær séu ekki undirorpnar pólitískum sviptivindum á heimavelli heldur byggðar á ígrunduðu mati á þeim váboðum sem þjóðin stendur andspænis á hverjum tíma. Um þetta eigum við að ná sáttum.

Samráðsvettvangi stjórnmalaflokkanna um öryggis- og varnarmál verður komið á fót og nauðsynlegt er líka að stofnuð verði og skilgreind öflug rannsóknastofnun á þessu sviði sem tekur virkan þátt í alþjóðlegu fræðasamstarfi.

Nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á innra öryggi í íslensku samfélagi og ytra þjóðaröryggi og samstarfi Íslands við aðrar þjóðir á því sviði. Og hér þarf gott samstarf ráðuneyta og stofnana við nýjar aðstæður.

Sem fullveðja aðildarríki NATO verður Ísland að axla nýja ábyrgð. Þannig er það mat NATO að loftvarnarkerfið yfir Íslandi sem Bandaríkjamenn hættu að starfrækja í þessum mánuði, sé nauðsynlegt fyrir varnir Íslands og sameiginlegar varnir NATO. Þess vegna munum við starfrækja það áfram og það sætir tíðindum sem nýtt sjálfstætt og mikilsvert framlag Íslands til samstarfs þjóðanna í NATO. Aðlögun kerfisins að samhæfðu loftvarnarkerfi NATO, NATINADS verður orðin að veruleika innan fárra vikna.

Aukinni ábyrgð okkar innan NATO fylgir einnig þátttaka Íslands í mörgum hinna nýju verkefna NATO svo sem á sviði friðargæslu í löndum og á svæðum utan hefðbundins athafnasvæðis bandalagsins. Hafa verður þó í huga að við höfum ekki hermenn til að ganga á milli stríðandi fylkinga en hins vegar margs konar hæft fólk sem kemur til verka þegar byssurnar eru þagnaðar. Íslensk friðargæsla verður því öðru fremur á því sviði sem skilgreint er sem friðaruppbygging.

Ísland mun aldrei taka að sér að gegna hlutverki í sambandi við svokallaðar „harðar“ varnir. Ekki stendur þannig til að stofna íslenskt varnarlið, eða her. Það er hvorki nauðsynlegt né æskilegt og í raun í andstöðu við íslenska hefð. Síðustu menn undir vopnum á Íslandi voru afvopnaðir um miðja 16. öld. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að það var forsenda þess að Ísland gerðist stofnaðili að NATO árið 1949 að landið hefði ekki her og hyggðist ekki koma honum upp. Sú forsenda er enn í fullu gildi.

Hlutverk Íslands verður hins vegar þeim mun meira áberandi á grunni „mýkri“ varna (soft defense) þar sem utanríkisþjónustan gegnir lykilhlutverki og starf okkar á sviði friðargæslu og þróunaraðstoðar eru í öndvegi.

Einnig ber okkur í starfi á alþjóðavettvangi að standa vörð um ákveðin grunngildi sem eru algild og óháð trúarbrögðum, þjóðerni og efnahag. Hugtök eins og lýðræði, frelsi, jafnrétti og mannréttindi eru ekki orðin tóm. Þau eru undirstaða réttlætis og framfara um veröld alla. Þau eru hugmyndafræðilegur grunnur lýðveldisins Íslands og þeirra megin-alþjóðastofnanna sem landið á aðild að, s.s. Norðurlandaráði, NATO og Sameinuðu þjóðirnar. Þau eru því það leiðarljós sem starf okkar í alþjóðapólítísku samhengi byggir á, þar með talið á sviði öryggis og varnarmála.

Þó Ísland sé hvorki stórt né fjölmennt ríki fríar það okkur ekki ábyrgð til þátttöku í alþjóðapólítísku samstarfi né dregur það úr erindi okkar á leiksvið alþjóðamálanna. Ísland nýtur í dag til fulls ávaxtanna af lýðræðislegu alþjóðlegu samstarfi er byggir á alþjóðalögum. Okkur ber því siðferðileg skylda til þess að standa vörð um þau gildi, og það sem meira er, tryggja þeim framgang. Við eigum að hafa metnað og þor til þess að láta rödd okkar og sjónarmið heyrast og við eigum að láta gjörðir fylgja orðum í öllu okkar starfi á alþjóðavettvangi. Aukið framlag og þátttaka Íslands á alþjóðavettvangi, þ.m.t. framboð okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna ber þessu rökrétt vitni.

Í nútímanum nær öryggishugtakið til fleiri og flóknari þátta en áður þekktist. Nú fjalla öryggis- og varnarmál ekki eingöngu um hefðbundin stríðsátök heldur viðbrögð við umhverfisvá, mengun, náttúruhamförum, farsóttum og varnir gegn hryðjuverkum. Á Íslandi getum við glaðst yfir því að vera ekki lengur í eldlínu í köldu stríði, en einmitt þess vegna

þurfum við að meta sjálfstætt þá ógn sem að okkur kann að steðja og byggja aðgerðir á því mati.

Nú getur ekkert eitt ríki tryggt öryggi þegna sinna sjálfstætt heldur krefjast aðstæður oftast fjölpjóðlegra lausna. Ljóst er að sívaxandi orkuflutningar á Norður-Atlantshafi, sem enn er ein aðal matarkista Evrópu, fylgir ákveðin áhætta og fjölpjóðlegt samstarf og samhæfing þeirra ríkja sem eiga hagsmuna að gæta mun skipta sköpum.

Yfirskrift ráðstefnunnar hér í dag er Kapphlaupið um Norðurlóðum. Á norðurlóðum eru miklir hagsmunir í húfi eins og við vitum öll og öryggi í Norðurhöfum er tvímælalaust eitt stærsta þjóðaröryggismál Íslands. Ísland hefur um árabil gegnt mikilvægu hlutverki við mótun alþjóðlegra leikreglna um hafið og nýtingu þess og þeirra auðlinda sem þar er að finna. Við munum á grunni þessarar reynslu ekki skorast undan þátttöku í mótun nauðsynlegra leikreglna á Norðurlóðum. Þar verða alþjóðlög að vegna þyngra en hnefaréttur og hagsmunir mannkyns í heild að vegna þyngra en þröngir hagsmunir einstakra ríkja.